

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0009  
LA

## Efni: Umsögn um matsáætlun ofanflóðavarna á Seyðisfirði, Neðri Botnar

Við er í tölvubréf frá Skipulagsgátt, dags. 6. desember 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun framkvæmda á ofanflóðavörnum á Seyðisfirði undir hlíðum Strandartinds.

Varnargarðarnir verða fimm talsins og liggja ofan byggðar frá Búðará að Dagmálalæk. Markmið framkvæmda er fyrst og fremst að bæta öryggi íbúa Seyðisfjarðar gagnvart ofanflóðum þar sem hluti byggðar er innan hættusvæðis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að hún sé vönduð og að í henni komi fram þau atriði sem ber að hafa í matsáætlun. Þá er almennt stefnt að greinargóðri umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á helstu umhverfisþætti og nauðsynlegar rannsóknir eru ráðgerðar til að bæta þekkingarstöðu um einstaka þætti.

Framkvæmdin felur í sér mikið rask á því svæði þar sem garðarnir koma til með að standa en fyrst og fremst er um að ræða varanlegar breytingar á landslagi sem muna taka á sig meiri manngerða ásýnd þegar 6-8 m háir varnargarðar rísa ofan við byggðina.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Kanna þarf möguleika á að sporna við útbreiðslu lúpínu innan framkvæmdasvæðisins
- Æskilegt er að velja innlendar trjátegundir til skógræktar á svæðinu.

Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

